

Reykjavík 31 maí 2023

Velferðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Þingskjal 703 - 546. mál.

*Meðfylgjandi er umsögn **Spörvars Líknafélags Reykjavík kt 411104-2650** um tillögu til þingsályktunar varðandi leysisfiskyldu og eftirlit með áfangaheimilum,*

Aðkoma að tillögunni:

Í byrjun langar mig að lýsa undrun minni yfir að ekki skuli hafa verið haft samband við þá aðila sem hafa séð um þessa þjónustu til margra ára vegna getuleysis Ríkis og Sveitarfélaga. Við sem rekum þessi úrræði í dag gerum það af þörf og þeirri einföldu ástæðu að Ríki og Sveitarfélög hafa ekki sinnt skyldu sinni gagnvart okkar skjólstæðingum. Það er með ólíkindum að Ríkið ætli að fara einhliða út í það að búa til reglur um áfanaheimili án þess að gefa þeim aðilum sem reka stærstan hluta úrræða hér á Íslandi tækifæri að koma að borðinu með sína reynslu og styrk. Við frábíðjum okkur þá óréttmætu gagnrýni á rekstur okkar heimila.

Hver er aðkoma Ríkis og Sveitarfélaga í dag.

Fyrst er þess að geta að Ríkið hefur aldrei á okkar tæpu 12 árum komið að rekstri Draumsetursins þrátt fyrir margar umsóknir um hjálp og stuðning. Ríkið tók af styrki til áfangaheimila árið 2012 og síðan þá hefur ekkert heyrst í Ráðuneytum hvað varðar þenna rekstur og stuðning við hann. Þess má geta að nefndin ykkar kallar eftir umsögnum til dæmis frá Reykjavíkurborg sem nú hefur klippt á ALLAN “stuðning” við rekstur áfangaheimila þ.e.a.s. stuðning til íbúa til niðurgreiðslu leigu. Reykjavíkurborg hefur aldrei stutt beinan rekstur Draumsetursins þrátt fyrir tal um annað. Við sem erum í þessum rekstri finnum vel að við erum klemmd á milli deilna Ríkis og Sveitarfélaga um hver eigi að bera ábyrgð á þessum málaflökki og niðurstaðan er einföld, hvorugur aðilin axlar ábyrgð og ekkert hreyfist í betrun á þessum málaflökk.

Rekstur og aðhald Draumsetursins.

Við höfum rekið Draumasetrið í tæp 12 ár með um 250 þúsund gistinóttum og erum í dag með 64 einstaklingsherbergi og íbúðir, sem gerir það að stærsta áfangaheimili á Íslandi. Draumasetrið hefur verið bjargvættur þúsunda einstaklinga vegna getuleysis Ríkis og Sveitarfélaga og hafi þau skömm fyrir. Við hjónin byggðum upp okkar heimili frá grunni án launa og bjuggum á heimilinu fyrstu fjögur árin. Við settum allt okkar fjármagn í uppbygginguna og höfum gert falleg heimili þar sem fólki líður vel og er að ná góðum árangri. Við rekum tvö áfangahús í Reykjavík með 68-70 einstaklingum hverju sinni og er ávallt biðlisti eftir plássi hjá okkur. Allir íbúar eru án áfengis/fíkniefna og ef skjólstæðingur fer í neyslu þá er honum vísað úr húsi umsvifalaust. Á sama tíma lokum við ekki á neinn og dæmum engan vonlausan og gefum þessum aðilum tækifæri á að stoppa neyslu og sýna sig á hverjum degi í 10 daga til að komast inn að nýju. Þetta hefur reynst vel og gefur á sama tíma einstaklingnum tækifæri að bæta sig.

Við erum með Áfengis og fíkniráðgjafa og starfsmenn með mikla reynslu í vinnu með með alkohólistum, einnig fáum við markþjálf, fíkniráðgjafa og fjölskyldufræðing til okkar með föstu millibili. . Í Draumasetrinu eru daglegir fundir með íbúum og einkaviðtöl með þeim sem á þurfa að halda, hjálp í fjármálum og stuðningur til þeirra sem eru að sækja um úrræði eins og Virk, Grettistak og aðra aðlögun sem í boði er.

Annað:

Í greinagerð með frumvarpinu eru allir þeir sem koma að rekstri áfangameimila settir undir sama hatt og látið líta út að þetta sé rekstur sem fari ekki eftir neinum lögum og reglum. Þetta er því lík ljárstæða og úr lausu lofti gripið enda þurfum við eins og allir aðrir að framfylgja lögum og reglum hvað varðar brunamál, hreinlæti og annað sem kemur að öryggi íbúa okkar. *Ég ætla ekki að fara út í að dæma önnur úrræði sem eru rekin eftirlitslaus vegna þess að stöfnanir Ríkis og Sveitarfélaga hafa ekki bolmagn til að fylgja eftir lögbundinni skyldu sinni hvað varðar eftirlit.* Líknarfélagið okkar hefur allt frá byrjun verið með rekstur réttu megin við núllið og skilað inn ársreikningum til Reykjavíkurborgar alla tíð.

Við óskum hér með eftir að koma að þessu samtali fyrir hönd okkar og skjólstæðinga okkar.

Ólafur Haukur Ólafsson
Spörvar Líknarfélag Reykjavík
Draumasetrið
Héðinsgötu 10 / Stórhöfða 15

Sími 776-8008